



Sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi bókun um viðbótargáma á fundi sínum þann 29. desember 2022;

*„Sveitarstjórn samþykkir að fella úr gildi frá **1. janúar 2023**, „reglur um viðbótargáma“ sem settar voru á fundi sveitarstjórnar þann 3. febrúar 2020.*

Framvegis skulu einstaklingar sem og lögaðilar sjá sjálfir um að panta og greiða fyrir viðbótargáma beint hjá þjónustuaðila.

Áfram verður tekið við öllum úrgangsflokkum á gámasvæði sveitarfélagsins á Grenivíkurhólum án gjalds á auglýstum opnunartímum.

Íbúar eru hvattir til að vanda flokkun úrgangs og afla sér leiðbeininga um flokkun og frágang úrgangs þegar þeir panta sér gáma hjá þjónustuaðila. Með góðu skipulagi á tíma, góðri flokkun úrgangs og nýtingu gámasvæðis, má spara verulega fjármuni.“

Til að panta viðbótargáma skal snúa sér til Terra Norðurlands, s. 414 0200, eða senda tölvupóst á nordurland@terra.is. Starfsmenn Terra leiðbeina um flokkun og aðstoða við að skipuleggja notkun gáma þannig að sem hagkvæmast sé fyrir notendur.

Framangreind breyting er í takt við breytt lög um meðhöndlun úrgangs sem tóku gildi 1. janúar 2023, þar er megin reglan að þeir sem valdi myndun úrgangs beri af honum kostnaðinn. Einnig er sveitarfélögum óheimilt að greiða niður kostnað við hirðingu og meðhöndlun úrgangs úr sameiginlegum sjóðum.

Sveitarstjóri